

## Velkomin í Mentor - Aðstandendur

Á hverju hausti fáum við alls kyns fyrirspurnir frá notendum sem eru ýmist að byrja að nota kerfið okkar eða hafa notað það áður en lenda í einhverjum hindrunum. Hér eru hagnýtar upplýsingar fyrir ykkur um Mentor kerfið.

Leitaðu ávallt til skólans sem barnið þitt er í ef þú lendir í vandræðum í Mentor. Það er skólinn sem hefur leyfi til að gera breytingar á upplýsingum sem tilheyra nemendum og aðstandendum. Ef skólinn getur ekki leyst málið hefur hann samband við Mentor og óskar eftir aðstoð.

Mentor hefur einnig sent skólum ítarlegri handbók fyrir aðstandendur sem þeir geta deilt til foreldra með þeim hætti sem þeir kjósa en hún er einnig aðgengileg á heimsíðu okkar undir Aðstoð.

### Minn Mentor

Aðstandendur og nemendur eiga sitt heimasvæði á Mentor sem við köllum Minn Mentor. Hver og einn fer inn á sinni kennitölu og lykilorði þar sem hægt að fylgjast með skólagöngu barna. Til að komast á heimasvæðið ferð þú á heimasíðu Mentors [www.infomentor.is](http://www.infomentor.is) og smellir á „Innskráningu“. Notendanafnið er kennitalan þín. Ef þú hefur gleymt lykilorðinu þínu eða ert nýr notandi getur þú smellt á „Gleymt/Nýtt lykilorð“ og slegið inn kennitölu. Þá færðu nýtt lykilorð sent í tölvupósti á netfangið þitt sem skráð er í Mentor. Ef þú færð lykilorðið ekki sent þarftu að hafa samband við skólann og athuga hvort skráning þín sem aðstandanda sé rétt, hakað sé við aðgang að kerfinu og hvort rétt netfang sé skráð. Einnig skaltu athuga hvort að pósturinn hafi nokkuð farið í ruslpóst eða óreiðu. Hafðu samband við skólann ef það þarf að leiðrétta upplýsingarnar.

### Stillingar

Þegar þú hefur skráð þig inn getur þú stillt þínar friðhelgisstillingar. Til að gera það smellir þú á nafnið þitt í hægra horninu og velur persónuvernd. **Þar getur þú stillt hvaða upplýsingar þú vilt að séu sýnilegar fyrir aðra aðstandendur á tengiliðalista.** Eldri notendur í kerfinu eru með flestar stillingar opnar en **nýir notendur þurfa að stilla þetta sjálfir** vegna persónuverndarlaga sem tóku að fullu gildi 2018. Aðstandandi velur þá möguleika sem hann vill að birtist öðrum á tengiliðalista barnsins/barnanna.

Það er gert með því að smella á reitina með tölunni 0 og þá breytist dálkurinn, verður fjólublár og sýnir töluna 1 og þar með eru upplýsingar sýnilegar öðrum.


**Ef nafn foreldris er ekki sýnilegt er EKKI hægt að senda viðkomandi póst í gegnum tengiliðalistann í Minn Mentor. Þannig að það er mikilvægt að stilla þetta eins og hver og einn notandi vill hafa þetta en það er algengt að aðstandendur noti tengiliðalista til að senda boð um afmæli og annað sem viðkemur bekkjarstarfi.** Netfang viðkomandi er þó aldrei sýnilegt öðrum aðeins möguleikinn að senda póst.

Persónulegar upplýsingar	<b>Persónuvernd</b> <span style="float: right;">✔ Vista</span>
Stillingar	<b>Birting á bekkjarlista hjá:</b> Karen Jónsdóttir
Persónuvernd	Hér stjórnar þú hvaða upplýsingar aðrir aðstandendur sjá um þig í bekkjarlistanum. Til að sjá hvernig upplýsingarnar þínar birtast getur þú farið á bekkjarlista barnsins þíns og smellt á nafn þess.
App stillingar	<b>Nafn</b> Brynja Baldursdóttir <span style="float: right;">I</span>
	<b>Heimilisfang</b> Mentorgata 3 <span style="float: right;">0</span>
	<b>Farsímanúmer</b> 1114444 <span style="float: right;">0</span>
	<b>Heimasími</b> 1115555 <span style="float: right;">0</span>
	<b>Persónuverndarstefna</b> Persónuverndarstefnu InfoMentors má nálgast hér.

Athugið að ef aðstandandi á fleiri en eitt barn þarf hann að stilla þessar stillingar hjá **öllum börnunum** með því að velja barnið og stilla.

## Nýjar færslur

Aðstandendur og nemendur fá upplýsingar um nýjar færslur í Mentor eins og t.d. um nýtt námsmat, nýja skráningu í heimavinnu, ástundunarskráningar o.fl. með því að smella á tilkynningabjölluna. Notendur geta stillt það sjálfir hvaða tilkynningar þeir fá.



## Að búa til lykilorð fyrir nemandann

Ef barnið hefur verið með aðgang en hefur gleymt lykilorðinu þá er farið eftir sömu leiðbeiningum og hér að ofan s.s. smella á Gleymt/nýtt lykilorð en þá þarf virkt netfang að vera skráð á nemandann. Ef nemandinn hefur ekki verið með lykilorð áður geta aðstandendur búið til lykilorð fyrir barnið/börnin inn á Minn Mentor. Aðstandandi skráir sig inn á Minn Mentor í gegnum **vefinn** (ekki appið) og smellir þar á fjólubláa flísina, Fjölskylduvefur. Þá kemur nemendaspjaldið upp og þá er smeltt á flipann Nemandi og þá birtist forsíða nemendaspjaldsins. Fyrir neðan myndina af barninu stendur Breyta lykilorði og þegar smeltt er á það opnast nýr gluggi þar sem aðstandandi og/eða nemandinn getur búið til lykilorð. Ákveðnar reglur eru um gerð lykilorða en þau þurfa að vera a.m.k. 10 stafir og bland af bókstöfum, tölum og táknum. Nánari leiðbeiningar birtast þegar notandi býr til nýtt lykilorð.

The screenshot shows the 'Fjölskylduvefur' (Family Hub) section of the InfoMentor Home app. The user profile for Katrín Jónsdóttir is displayed. The navigation menu on the left includes options like 'Forsíða', 'Tilkynningar', 'Starfsmenn', 'Námsáætlanir', 'Krækjur', 'Bekkjartísi', 'Frammistöðumat', 'Námsframvinda', 'Námssamningar', 'Námsmarkmið', 'Lykilhæfni', 'Námsúrræði', 'Áætlun', 'Blogg', 'Umræðutorg', and 'Almenn skjöl'. The main content area shows the user's name, a navigation bar with 'Nemandi', 'Aðstandendur', 'Dagbók', 'Ástundun', 'Heimav.', 'Einkunnir', 'Stundat.', and 'Verkefna.', and a list of tabs: 'Alm. uppl.', 'Námsmappa', and 'Hópaskráning'. The user's profile information is shown in a form with the following fields: Nafn (Katrín Jónsdóttir), Heimilisfang, Póstnúmer (999 Óskráð), Lögheimili (Not registered), Póstnúmer lögheimilis (-), Netfang, Kennitala (3108088888), Sími, Farsími, Kyn (Stúlka), and Móðurmál (Íslenska). A 'Mynd nemanda' (User picture) section shows a tiger image with a 'Breyta lykilorði' (Change password) button. A 'Neyðarupplýsingar' (Emergency information) field is also present. The 'Upplæra' (Learn more) button is at the bottom right.

## InfoMentor Home appið

Aðstandendur og nemendur geta hlaðið niður appinu InfoMentor Home sem bæði er aðgengilegt á Appstore og Google Play Store.

## Gott að vita:

- Ef þú átt fleiri en eitt barn þá sérðu efst á skjánum hvaða barni gögnin tilheyra. Með því að smella á nafnið getur þú valið annað barn og þá koma upplýsingarnar sem tilheyra því barni.
- Einnig er hægt að skoða aðstoð sem er inn á heimsíðu Mentors, sjá: <https://www.infomentor.is/adstod/> þar er að finna svör við algengum spurningum fyrir aðstandendur og nemendur.
- Mikilvægt er að aðstandendur haldi lykilorði sínu að InfoMentor fyrir sig og að börnin noti sinn eigin aðgang inn í kerfið. Hafa ber í huga að aðstandendur hafa aðgang að ákveðnum þáttum eins og t.d. að skrá forföll sem börnin hafa ekki og því mikilvægt að tryggja að lykilorð foreldra sé einungis notað af þeim.

***Gangi þér vel - InfoMentor***